




HRINGIÐA NÚT



Karate, 102x77 cm, 1968.

Komin er út á vegum Iceland Review vegleg myndabók um Guðmund Guðmundsson, sem heitir listamannsnafninu ERRÓ og allir munu kannast við undir því. Hér er um mikið og merkilegt framtak að ræða og bókin veitir glögga innsýn í heim Errós, þar sem samtíminn er krufinn til mergjar á eftirminnilegan hátt. Sé það hlutverk listamanns að endurspeglar samtíð sína í verkum sínum þá hefur Erró svo sannarlega reynzt því hlutverki trúr. Í verkum hans er 20. öldin í hnotskurn með öllum þeim ósköpum, sem yfir mannkindina hafa dunið í samtíð okkar. Hér er mikið skáldskaparmál á ferðinni; Erró er ófeiminn við hverskyns uppátæki, hugmyndaflugið er gífurlegt og nákvæmni smáatriðanna fer út á yztu nöf. Öll útfærsla ber handbragð meistarans, en að sjálfsögðu eru menn ekki sammála um, hvort þeir vildu hafa myndir af þessu tagi uppi á vegg í stofunum sínum.

Bæði bókin og sýning Errós að

Kjarvalsstöðum, kynnu að verða til þess að hrófla við þeirri grónu skoðun landans, að ekkert sé góð myndlist nema löggilt landslag. Að vísu er það gott að hafa hjá sér myndir, sem eru blíðar og þýðar eins og blóm í vasa eða Þingvallavatn á sumarkvöldi. En þegar frá líður er hætt við því, að þesskonar myndir séu ekki mikilsverður aldarspegill; verði ekki taldar túlka þá skálmöld pólitískra átaka og tæknilegra framfara, sem raun ber vitni um.

Íslendingar hafa ekki átt þess kost að kynna Erró og verkum hans að marki fyrir en núna með sýningunni og bókinni. Þegar eitthvað kemur upp, sem ratar við því venjulega, hrifast sumir og aðrir hneykslast. Þannig mun verða raunin á, þegar myndir Errós ber fyrir augu. Ekki er ólíklegt að allskonar kellingar — sumar þeirra karlkyns — láti í sér heyra með þá skoðun, að önnur eins bók og önnur eins verk séu ekki í húsum hafandi.

Bókin um Erró spannar verk hans síðustu 20 ár; hann hefur sjálfur valið myndirnar og þær eru í bókinni í rétttri tímaröð. Það verður að teljast mikilsvert með tilliti til þess að átta sig á framvindunni hjá honum.

Um tilurð bókarinnar segir Haraldur J. Hamar, ritstjóri Iceland Review, — og nú einnig bókaútfandi:

„Það eru nær tvö ár síðan ég fór að hugleiða möguleikann á að Iceland Review gæfi út bók um Erró og í upphafi ráðfærði ég mig við Matthías Johannesen, sem er einn af fáum Íslendingum sem jafnan hefur haldið sambandi við hann ytra — og stöku sinnum á umliðnum árum hafa birzt greinar eða viðtöl, sem Matthías hefur skrifað um listamanninn. Ég setti mig í samband við Erró og lagði málið fyrir hann. Hann var mjög ánægður með framtakið og sérstaklega samvinnugóður, valdi sjálfur myndirnar, setti þær í rétta tímaröð — og útvegaði litfilmur af



Ham, 97x64 cm, 1974.

Tethis Special, 69x97 cm, 1976.



Geimfó